Ed. **557. Nefndarálit**

um frv til laga um eignarnám á jörðinni Reykhólum.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er flutt eftir tillögum landlæknis. Telur hann nauðsynlegt »að taka Reykhóla eignarnámi til handa ríkinu, til ýmsra afnota, er horfa til almennings heilla, og þá nú strax í fyrstu til þess, að geta látið Reykhólahjeraði í tje landspildu fyrir læknisbýli með aðgang að heitri laug«.

Nefndin er sammála um að sinna þessu máli. Aðeins vilja sumir nefndarmenn ganga skemra en frv. segir. Verður gerð grein fyrir þessu í deildinni.

Alþingi, 22. mars 1928.

| | |
|---|---|
| Ingvar Pálmason,<br>form. | Jón Baldvinsson,<br>fundaskr. og frsm. |

Einar Árnason. Jón Þorláksson. Björn Kristjánsson.